




## Stríðsátökin í Ísrael og Líbanon


### Fleiri telja að Ísraelsmenn hafi átt upptökin

Af þeim sem tóku afstöðu þegar spurt var hvor teldist hafa átt upptökin að stríðinu í Líbanon, Ísrael eða Hizbollah, sögðu flestir Ísrael hafa átt upptökin, eða 63% á móti 37% sem nefndu Hizbollah. Sú skoðun er útbreiddari meðal þeirra sem ætla að kjósa Framsóknarflokkinn að Hizbollah hafi átt upptökin að átökunum, meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins skiptast skoðanir nokkuð jafnt en kjósendur annarra flokka telja oftar að Ísraelsmenn hafi átt upptökin.



### Með hvorum aðilanum hefur þú meiri samúð?

Um helmingur þjóðarinnar hefur hvorki samúð með Ísraelsmönnum né Hizbollah í þessum átökum. Meðal þeirra sem taka afstöðu hafa tæplega 35% meiri samúð með Hizbollah á móti 17% sem segjast hafa meiri samúð með Ísraelsmönnum. Þegar þessi afstaða er skoðuð eftir því hvaða flokk fólk ætlar að kjósa, má sjá að kjósendur Samfylkingar og Vinstri Grænna hafa mun meiri samúð með Hizbollah heldur en Ísraelsmönnum. Heldur fleiri kjósendur Sjálfstæðisflokks hafa meiri samúð með Hizbollah, en meðal kjósenda Framsóknarflokksins eru fleiri sem hafa samúð með Ísraelsmönnum.




### Friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna?

Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga eða 89%, eru sammála því að friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna ætti að vera á svæðinu til að halda stríðandi fylkingum aðskildum. Þar af eru 56% mjög sammála því og 33% frekar sammála því.

Þegar Íslendingar voru spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála því að íslenska ríkið ætti að senda friðargæsluliða á vegum Sameinuðu þjóðanna til Líbanon, var 60% af þeim sem tóku afstöðu því fylgjandi og 40% á móti.

Íslensk stjórnvöld ættu að senda friðargæslulið ef beðið er um það



#### Spurt var:

Hver telur þú að hafi átt upptökin að stríðinu í Líbanon, Ísrael eða Hizbollah/Hizbollah eða Ísrael\*?

Næst langar mig að spyrja þig um átökin á milli Ísraels og Hizbollah/Hizbollah og Ísraels\* sem eiga sér stað nú. Með hvorum aðilanum hefur þú meiri samúð?

Næst ætla ég að lesa fyrir þig nokkrar fullyrðingar um átökin og bið þig að segja mér hvort þú sért sammála eða ósammála hverri fullyrðingu fyrir sig. Friðargæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna ætti að vera til staðar á svæðinu til þess að halda stríðandi fylkingum aðskildum; Ef Sameinuðu þjóðirnar biðja íslensk stjórnvöld að senda friðargæsluliða til svæðisins, þá ættu þau að gera það.

\*Röð aðila var breytt milli viðtala.

## Gistinætur á ferðalögum sumarsins

### Ferðaðist þú innanlands í sumar?



Þegar landsmenn eru spurðir hvort þeir hafi ferðast innanlands í sumar, segjast rösklega þrír af hverjum fjórum hafa ferðast. Það eru nokkuð fleiri en sögðust ætla að ferðast innanlands, þegar Gallup spurði landsmenn í júní hvort þeir ætluðu að ferðast í sumarfríinu. Í júní sögðust 69% ætla að ferðast innanlands í fríinu.


Mismunandi er hvernig fólk eyðir gistinóttum sínum á ferðalögum. Rétt yfir fjórðungur þeirra sem lögðu land undir fót í sumar, gistu í tjaldi, tæpur fjórðungur gisti í heimahúsi og orlófshúsi, eða 23%, gistu í orlofshúsi eða sumarhúsi. Það má því segja, þrátt fyrir lítinn mun, að tjaldið sé vinsælasti gistimátinn, sérstaklega ef litið er til gistingar á tjaldsvæði, en 20% til viðbótar gistu þar í fellihúsi, tjaldvagni, húsbíl eða hjólhúsi.


#### Spurt var:

Ferðaðist þú eitthvað innanlands í sumar?

Hvernig var gistinóttum á ferðalagi þínu/ferðalögum þínum háttad; gistir þú í tjaldi, orlofshúsi, bændagistingu, á hóteli eða annars staðar?

### Gistinætur á ferðalögum





Litlar sviptingar hafa átt sér stað í fylgi stjórnmalaflokka á landsvisu. Sjálfstæðisflokkur mælist með tæplega 41% og hefur því misst tvö prósentustig frá síðasta mánuði. Vinstrihreyfingingrænt framboð bætir aðeins við sig og mælist nú í sögulegu hámarki, með 22% fylgi. Fylgi annarra flokka breytist mjög lítið og athygli vekur að fylgi Fram-

sóknarflokksins breyttist ekki við flokksþingið. Stuðningur við ríkisstjórnina er nú 53%. Nær einn af hverjum fimm svarendum tók ekki afstöðu eða neitaði að gefa hana upp og rúmlega 5% sögðust myndu skila auðu eða kjósa ekki ef kosningar færu fram í dag.

**Spurt var:**


*Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa? En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu? Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna? Styður þú ríkisstjórnina?*

Hinsegin dagar eða "Gay Pride" voru haldnir hátíðlegir í Reykjavík 9. til 13. ágúst síðastliðinn. Landsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu tekið þátt í hátíðarhöldunum og sögðust tæplega 8% landsmanna hafa farið í gleðigönguna, sem var hápunktur hátíðarinnar og 2% sögðust hafa sótt aðra viðburði Hinsegin daga. Mikill munur var á þátttöku landsmanna í hátíðarhöldunum eftir búsetu, enda hátíðin haldin í Reykjavík. Um 17% Reykvíkinga sóttu hátíðina, tæplega 8% íbúa nágranna-


sveitarfélaga Reykjavíkur og tæp 3% íbúa annarra sveitarfélaga.

Töluvert fleiri konur en karlar sóttu einhverja viðburði Hinsegin daga, eða rösklega 12% kvenna á móti riflega 5% karla. Einnig má sjá að mikill munur er á aðsókn eftir aldri þar sem fólk á aldrinum 18-34 ára tók frekar þátt í hátíðarhöldunum en þeir sem eldri eru, en um einn af hverjum 5 á aldrinum 25-34 ára sótti einhvern af viðburðum Hinsegin daga.

Hinsegin dagar



Litlar breytingar á viðhorfi til giftinga samkynhneigðra



Litlar breytingar hafa orðið á viðhorfi til giftinga samkynhneigðra á síðustu 2 árum. Þeim sem ekki vilja leyfa giftingar samkynhneigðra hefur þó fækkað um 2 prósentustig, úr 13% í

11%. Næstum tveir af hverjum þremur vilja leyfa samkynhneigðum að gifta sig bæði borgaralega og í kirkju, einn af hverjum 5 vill að þeir hafi eingöngu leyfi til að gifta sig borgaralega og 3% vilja að samkynhneigðir fái eingöngu að gifta sig í kirkju.

Athyglisvert er hve mikill munur er á viðhorfi kynjanna til giftinga samkynhneigðra, en konur vilja mun fremur en karlar leyfa giftingar þeirra bæði borgaralega og í kirkju, eða riflega 72% kvenna á móti rösklega 58% karla.

Einnig má sjá að yngri aldurshóparnir vilja frekar leyfa giftingar bæði borgaralega og í kirkju heldur en þeir sem eldri eru, eða 8 af hverjum 10 á aldrinum 25-34 ára á móti tæplega helmingi (48%) þeirra sem eru á aldrinum 55-75 ára.

**Spurt var:**

*Fórstu í gleðigönguna eða sóttir einhverja aðra viðburði hinsegin daga eða "gay pride", sem fram fóru í Reykjavík dagana 9. til 13. ágúst síðastliðinn? Telur þú að samkynhneigðir eigi að fá að gifta sig borgaralega, í kirkju, bæði borgaralega og í kirkju eða eiga þeir ekki að fá að gifta sig?*



Niðurstöðurnar sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvisu og tryggð við flokka eru úr símakönnun sem IMG Gallup gerði dagana 31. júní til 30. ágúst 2006. Svarhlutfall var rösklega 62%, úrtaksstærð 2774. Vikmörk í könnuninni eru 1-3%. Niðurstöður um sumarferðalög, Hinsegin daga og viðhorf til giftinga samkynhneigðra eru úr könnun meðal 18-75 ára Reykvíkinga, könnunin var gerð 16. til 30. ágúst 2006. Úrtaksstærð 1208, svarhlutfall 61%.

Hvorki má birta fréttabréf þetta né upplýsingar úr því opinberlega án skriflegs leyfis IMG ehf.

Útgefið af: IMG Gallup Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: asdisg@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Ásdís G. Ragnarsdóttir, Sóley Valdimarsdóttir og Matthías Þorvaldsson.

Ábyrgðarmaður: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. IMG 2000. Allur réttur áskilinn.